

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag Tjarnavirkjunar, Eyjafjarðarsveit.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum 16. ágúst 2018 deiliskipulag fyrir Tjarnavirkjun. Skipulagið tekur til uppbyggingar 1 MW vatnsaflsvirkjunar í Eyjafjarðará og helstu framkvæmdarþátta, byggingar inntaksstíflu við Hólsgerði, lagningar 1.400 m langrar þrýstípu og byggingar stöðvarhúss við Halldórsstaðabrú. Skipulagssvæðið er alls um 12 ha að flatarmáli og liggur innan lands Tjarna, Hólsgerðis, Úlfár og Halldórsstaða.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 40., 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Eyjafjarðarsveit, 16. október 2018.*

**Vigfús Björnsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 30. október 2018